Jarðarfarir



Kristján Kristjánsson skipstjóri lést 25. ágúst sl. Hann var fæddur á Efra-Vaði á Barðaströnd 8. apríl 1898. Ungur fluttist hann með foreldrum sínum vestur í Arnarfjörð og ólst þar upp. Hann fékk snemma skipstjóraréttindi og varði allri sinni starfsævi á sjónum. Hann var meðal annars skipstjóri á Skaftfellingi. Eftirlifandi eiginkona hans er Margrét Ingvarsdóttir. Þeim hjónum varð fimm barna auðið. Útför Kristjáns verður gerð frá Fossvogskirkju í dag kl. 13.30.



Ingibjörg Benediktsdóttir lést 29. ágúst. Hún var fædd í Breiðuvík á Tjörnesi 3. desember árið 1900. Foreldrar hennar voru Benedikt Benediktsson og Þorbjörg Jónsdóttir. Ingibjörg lærði klæðasaum og bætti síðan við sig námi í hatta- og skermasaumi. Hún giftist Jóni Halli Einarssyni en hann lést árið 1963. Þau hjónin eignuðust þrjú börn. Útför Ingibjargar verður gerð frá nýju kapellunni í Fossvogi í dag kl. 15.

María Sigurðardóttir, Nóatúni 24, Reykjavík, lést í Borgarspítalanum 20. ágúst 1988. Útför hennar hefur þegar farið fram í kyrrþey að ósk hinnar látnu.

Útför **Bríetar Ísleifsdóttur,** sem lést 31. ágúst sl., fer fram frá Akureyrarkirkju miðvikudaginn 7. september kl. 13.30.

Andlát

Guðjón Þórarinsson, Langeyri, lést á Hrafnistu, Hafnarfirði, 3. september.

Gréta María Jósefsdóttir, Blikahólum 8, Reykjavík, lést á Landspítalanum 3. september.

Gunnar Daníelsson, Hlíðargerði 18, lést í Borgarspítalanum 2. september.

Unnur Jóna Kristjánsdóttir lést aðfaranótt sunnudags að Reykjalundi.

Ingibjörg Georgsdóttir, Austurbergi 30, lést á Landspítalanum aðfaranótt mánudagsins 5. september.

Hulda S. Þorsteinsdóttir frá Eyjólfsstöðum, til heimilis í Stóragerði 32, Reykjavík, andaðist á Landspítalanum 2. september.

Leiðrétting

Þau mistök urðu í spurningu dagsins, föstudaginn 2. september, að spurt var hvernig fólki fyndust nýju auglýsingarnar frá Umferðarráði. Þær auglýsingar, sem átt var við, eru ekki frá Umferðarráði, heldur eru auglýsingarnar frá hópi áhugafólks um bætta umferðarmenningu. DV biðst velvirðingar á þessum mistökum.

Sýningar

Orest Vereisky sýnir í Reykjavík

Félagsstarf MÍR, Menningartengsla Íslands og Ráðstjórnarríkjanna, hefst að nýju að loknu sumarhléi með opnun sýningar hins kunna sovéska myndlistarmanns og Íslandsvinar, Orests Vereisky, í sýningarsal félagsins, Vatnsstíg 10, nk. fimmtudag, 8. sept., kl. 18. Listamaðurinn og eiginkona hans koma til Íslands í boði MÍR í tilefni sýningarinnar, dveljast hér á landi í viku og verða við opnun sýningarinnar og einnig á rabbfundi yfir kaffibolla við Vatnsstíg 10, laugardaginn 10. sept. kl. 17. Sýningin verður opin á fimmtudag kl. 18–22, föstudag kl. 17–22 og laugardag og sunnudag kl. 14–22. Aðgangur að sýningunni er ókeypis og öllum heimill. Á sýningunni verða, auk teikninga og vatnslitamynda Vereiskys, allmargar ljósmyndir er tengjast löngu og miklu starfi listamannsins í stjórn Sovétríkin-Ísland. Einnig sýnishorn af bókum sem Vereisky hefur skrifað og myndskreytt, svo og sýnisbækur um sovéska myndlist með umsögnum um listamanninn. **Námskeið í rússnesku** hefjast um eða upp úr miðjum sept. og hefst innritun í þau að Vatnsstíg 10 föstudaginn 9. sept. kl. 18.

Tilkynningar

Leikfélag Reykjavíkur sala áskriftarkorta

Sala áskriftarkorta fyrir þetta leikár er hafin og stendur yfir daglega kl. 14–19 í Iðnó. Hægt er að panta kort í síma 16620. Einnig er mögulegt að greiða kort með Visa og Eurocard gegnum síma. Áskriftarkort fyrir þetta leikár gilda á eftirtaldar sýningar: 1. Sveitasinfónía, 2. Sjang–Eng, 3. Þrjár systur, 4. Maraþondans. Verð áskriftarkorta er 4.250. Þá er einnig hafin sala gjafakorta. Gjafakort gildir fyrir tvo leikárið 1988–'89 á eina sýningu í Iðnó. Starfsmannafélög, fyrirtæki, klúbbar og allir aðrir hópar (fleiri en 20) fá afslátt á almennu miðaverði. Hópar geta pantað með löngum fyrirvara í s. 13191. Aldraðir og skólafólk fá einnig afslátt af miðaverði. Hópsala til aldraðra og skóla í s. 13191. Öll einstaklingssala í s. 16620.

Nýr opnunartími í Kringlunni og fleiri bílastæði

1. september sl. breyttist afgreiðslutími verslana í Kringlunni. Allar verslanir og þjónustufyrirtæki í húsinu hafa opið á laugardögum til kl. 16, en aðra virka daga til kl. 19. Eina undantekningin frá þessum opnunartíma er pósthúsið, áfengisverslunin og bankaútibúið. Kaffihúsið í Kringlunni er opið lengur á föstudögum og laugardögum og matsölustaðir hafa opið alla daga vikunnar til kl. 21 og veitingahúsið Hard Rock Café til kl. 23.30. Flest fyrirtækjanna opna kl. 10 á morgnana. Í þessum mánuði verða tekin í notkun 400 ný bílastæði. Þá verður rúm fyrir alls 1600 bíla í Kringlunni og næsta nágrenni hennar. Viðskiptavinir þurfa ekki að greiða bílastæðisgjald eða í stöðumæla.

Vetraráætlun SVR – aukin tíðni ferða

5. september tók vetraráætlun SVR gildi. Þá eykst tíðni ferða á 9 leiðum. Vagnar á leiðum 2–7 og 10–12 aka á 15 mín. fresti kl. 07–19, mánudaga til föstudaga. Akstur á kvöldin og um helgar á áðurtöldum leiðum er óbreyttur. Vagnar á leiðum 8–9 og 13–14 aka á 30 mín. fresti alla daga, einnig á kvöldin. Leiðabók SVR birtir nánari upplýsingar um ferðir vagnanna.

Tíunda starfsár Jarðhitaskólans

Eitt helsta einkenni starfsemi Jarðhitaskólans er hversu náið nemendur starfa með leiðbeinendum sínum við úrlausn sérhæfðra verkefna. Þessi vinna fer fram á rannsóknastofum Orkustofnunar, Háskóla Íslands og hjá fyrirtækjum sem nýta jarðhita. Þessa dagana eru nemendur að vinna að verkefnum sínum til að klára þau fyrir skólaslit í október. Sum verkefnin fjalla um íslenskar aðstæður, önnur um aðstæður í heimalandi nemenda.



Hjónaband

23. júlí sl. voru gefin saman í hjónaband, **Sigrún Jóna Andradóttir og Ásmundur Karl Ólafsson. Heimili þeirra er að Kópavogsbraut 45, Kópavogi.**

Menning

DV

Torf og grjót í Kjarvalsstaðakoti

– Um sýningu Rögnu Róbertsdóttur

Það hefur ekki verið hátt risið á Kjarvalsstaðabændum síðustu mánuðina. Að undanskilinni sýningu á verkum ítalskra skólabarna sl. vor og höggmyndum Svíans Claes Hake í sumar hefur undirrituðum reynst erfitt að greina einhvern persónulegan drifkraft í sýningum stofnunarinnar. Aragrúi



Ragna Róbertsdóttir. DV-mynd GVA

Myndlist

Ólafur Engilbertsson

krúttlegra tómstundamynda hefur verið negldur þarna upp á veggi án neins sýnilegs tilgangs annars en þess að svala hégóma „listamannsins". Þetta er sýnu pínlegra þegar téð stofnun er titluð „borgarlistasafn" og ætlað að vera leiðandi í hérlendri myndlistargrósku. Pínlegast er þó þegar þekktum erlendum myndlistarmönnum er boðið hingað til sýningahalds og ætlast til að þeir „reddi sér bara sjálfir" strax og á hólminn er komið. Slíkt er að sjálfsögðu ekkert annað en argasta ókurteisi og miður góð landkynning ef um það spyrst. Nefndur Svíi mun t.a.m. hafa lent í mestu vandræðum með verk sín. Vera má að þetta séu eftirstöðvar undirlægjuháttar og þrælslundar þeirra tíma þegar Ísland var „þriðjaheimsríki" sem lét alltaf aðra hafa vit fyrir sér. Það er ekki við Kjarvalsstaði eina að sakast í þessu efni, því ýmiss konar dinglumdangluppákomur hafa t.a.m. verið viðloðandi þær listahátíðir sem hér hafa verið haldnar.

Það bendir þó margt til þess að það sé aðeins að rofa til í miðaldamyrkrinu í Kjarvalsstaðakoti. Þar hefur borgarlistamaður liðins árs, Ragna Róbertsdóttir, nú breitt úr túnþökunum sínum og hlaðið grágrýtismúra – að því er virðist til vegsömunar fyrri tíð og einfaldara lífi með landinu. Myndlist Rögnu er bláköld rýmislist og útlit verkanna mótast að miklu leyti af sýningarsalnum.

Lýsingin er þannig stórt atriði á sýningu Rögnu, enda er þar gerð tilraun til að láta ljós og skugga togast á um verkin. Þar hefði þó ugglaust mátt ganga lengra og örugglega myndi hafa bætt úr skák að veita einhverri dagsbirtu inn um loftglugga, jafnvel þótt húsbændurnir séu orðnir vanir grútarskímunni. Það er vel hugsaður leikur að takmarka sig við fáa miðla. Torf og grjót eru, hvernig sem á málin er litið, niðursneidd náttúra. Það hefur verið eðli mannsins frá ómunatíð að sneiða niður og raða saman. Viðfangsefni Rögnu Róbertsdóttur virðist því öðru fremur vera frumspeki. Verk sín byggir hún upp ámóta og tónlistarmaður. Það er erfitt að gera marktæk tónverk úr aðeins tveimur tónum. Því fylgir áhætta og þar hlýtur óbilandi kjarkur að búa að baki. Um það verður ekki efast hér að stef Rögnu Róbertsdóttur hafi í sér sannleikskorn. Þetta eru jú stef sem hafa fylgt okkur í gegnum aldirnar, jafnvel þótt við ættum stundum í erfiðleikum með að sjá þau. Vandi listamannsins er hins vegar fólginn í því að reyta arfann og telja plöntunni sífellt trú um að hún sé sjálf sólin. Það hefur Ragna Róbertsdóttir leitast við að gera á Kjarvalsstöðum, enda ekki vanþörf á.


Ólafur Engilbertsson

Fréttir

DV

Eskifjörður:

Fyrsti farmurinn af síldartunnum



Flutningaskipið Hera Borg sem kom með síldartunnur frá Noregi vegna komandi síldarvertíðar. DV-mynd Emil Thorarensen

Emil Thorar ensen, DV, Eskifirði:

Fyrsta afskipunin á tómum síldartunnum vegna komandi síldarvertíðar fór fram á Eskifirði í síðustu viku. Flutningaskipið Hera Borg kom með 7.800 plasttunnur frá Jelsa í Noregi. Skipstjórinn á Heru Borg, Margeir Sigurðsson, reiknaði með að fara aðra ferð til Noregs í sömu erindagjörðum.

Enn sem komið er hafa ekki tekist samningar við Sovétmenn um kaup á saltsíld, en þeir eru langstærstu kaupendurnir til þessa og því mikilvægt að samningar takist við þá eins og áður. Hins vegar skapar það mikil óþægindi fyrir síldarsaltendur að þurfa að bíða fram á haust í óvissunni um það hvort samningar takist við þá eða ekki.